

Yfirskrift	Fundargerð stjórnarfundar FFR				
Stjórnarfundur nr. 11 2017	11	Dagsetning	24. október 2017	Tími	12:00 – 13:30
Fundarstaður	Umhverfisstofnun				
Fundarstjóri	BK				
Ritari	ISS				
Mættir (fjarverandi)	BK, HÓS, (ISS), ÁG, MG, MH, KLÁ, (EB), Guðrún Ragnarsdóttir				
Fylgiskjöl					
Vistun gagna	ISS				

Dagskrá stjórnarfundar FFR 10. október 2017

1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð síðasta fundar 10. október var samþykkt með smávægilegum breytingum.

2. Tillaga 1 á aðalfundi FFR: Umsókn um starf

ISS og BK sögðu frá þremur viðtölum sem fóru fram í síðustu viku. Ákveðið að ræða við einn umsækjandann um starf. Einnig var rætt um staðsetningu væntanlegs starfsmanns og með hvaða hætti væri heppilegast að greiða laun hans.

3. Tillaga 3 á aðalfundi FFR: Endurskoðun laga FFR

Hefja verður vinnu við endurskoðun laga félagsins þegar færi gefst. Einfalda þarf lögina og sníða að nýju umhverfi. BK og KLÁ stýra vinnunni og rætt var um aðkomu fleiri.

4. Bréf forstöðumanna umhverfis- og auðlindaráðuneytis til ráðherra

Bréf tveggja forstöðumanna til umhverfisráðherra, varðandir nýtt vinnulag vegna 5 ára reglu, sem rædd voru á síðasta fundi hafa verið send. Bréf annarra forstöðumanna sem falla undir umhverfis- og auðlindaráðuneyti, með beiðni um að ákvörðun verði dregin tilbaka, eru í undirbúningi.

5. Ný umsókn um styrk frá starfsmenntunarsjóði

Lögð voru fram drög að umsókn til starfsmenntunarsjóðs embættismanna, í því skyni að ljúka vinnu við nýtt vinnuumhverfi forstöðumanna. Drögin voru samþykkt og BK ráðfærir sig við Gunnar Björnsson varðandi verkþætti sem þarf að ljúka.

6. Fréttir af samráðsfundum FFR og KMR

Næsti samráðsfundur er í dag og þar verður farið yfir skilgreiningar á grunnmati starfa og vinnu rýnihópa. Rætt var um að fá aftur inn í umræðuna hreyfanleika, endurráðningar, starfsþróun, starfslok o.fl. og benda á að nauðsynlegt sé að fá endurnýjun í kerfið. Útfæra þarf 3-4 tillögur um þetta sem innlegg í vinnuna.

7. Önnur mál og næsti fundur

- Helga Þórisdóttir hjá Persónuvernd hefur áhuga á að FFR haldi fund um persónuverndarmál og upplýsingastefnur. Skoða þarf hvort þetta efni henti í fund með Stofnun Stjórnsýslufræða.

- b. Álfrún Tryggvadóttir innleiðingarstjóri LOF í fjármálaráðuneytinu hefur óskað eftir meira samráði við FFR og vill koma á föstum fundum. Á þeim væru fulltrúar stjórnar FFR og hópur sem hefur með innleiðinguna að gera í FJR. Í upphafi gæti verið einn startfundur og síðan fundir með færri fulltrúum t.d. ársfjórðungslega. Mikilvægt sé að fá endurgjöf frá félagsmönnum FFR. Ákveðið var að taka vel í tillöguna.
- c. Nokkrir félagar í FFR hittust á Akureyri fyrir stuttu og vilja fá formann félagsins norður til skrafs og ráðagerða. Það er tilvalið og að BK og EB mæti á fundinn.